



Námsáætlun

SPÆN1fr05 vorönn 2021

Kennari: Snædís Snæbjörnsdóttir (snaedis@fg.is)

Áfangalýsing:

Megináherslan er á ritunar- og samtalsæfingar, aukinn orðaforða og aukna málfræðikunnáttu í samræmi við færnimarkmið áfangans. Nemendur þjálfast m.a. í að segja frá frítíma og afþreyingu, gefa álit, lýsa áfangastöðum og veðri, útliti og fatnaði, ræða um mat og að tjá sig á veitingastöðum. Auk nútíðar, eru frásagnir í þátíð og framtíð æfðar. Áfram er unnið með efni sem veitir innsýn í menningu spænskumælandi landa.

Markmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- almennum orðaforða í samræmi við hæfni- og leiknivíðmið áfangans
- grunnatriðum málkerfisins
- útbreiðslu spænskunnar ásamt ólíkum venjum og menningu spænskumælandi landa

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skilja talað mál um kunnugleg efni þegar talað er hægt og skýrt
- fylgja einföldum fyrirmælum á spænsku í kennslustundum
- lesa einfalda texta af ýmsum toga og vinna úr þeim á mismunandi hátt
- taka þátt í einföldum samræðum um efni sem hann þekkir og hefur áhuga á og geta beitt kurteis- og málvenjum við hæfi
- skrifa einfalda texta í takt við viðfangsefni áfangans, svo sem lýsingar á fólki og áfangastöðum og einfaldar frásagnir í núliðinni tíð.
- beita helstu reglum um málnotkun á sem réttastan hátt í ræðu og riti
- beita viðeigandi námstækni í tungumálanáminu og nýta sér hjálpargögn
- nota sjálfstæð og viðeigandi vinnubrögð í tungumálanámi

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- greina fremur einfaldar upplýsingar í mæltu máli
- eiga einföld samskipti á spænsku við ákveðnar aðstæður
- segja frá sjálfum sér og öðrum og geta lýst venjum og daglegum athöfnum í ræðu og riti á einfaldan hátt
- vinna úr einföldum textum af ýmsum toga á mismunandi hátt eftir efni og eðli textans og tilganginum með lestrinum

Kennslugögn:

- *Bitácora 1 – Libro del alumno (Lesbók)*, Nueva Edición. Útgefandi: Difusión
- *Bitácora 1 – Cuaderno de ejercicios (Vinnubók)*, Nueva Edición. Útgefandi: Difusión.
- Ítarefni frá kennara á Innu
- Orðabækur, t.d. Spænsk-íslensk orðabók eða snara.is

Námsmat:

Það er ekkert lokapróf í þessum áfanga, en lokapróf skólans eru 19. og 20 maí. Sjúkrapróf í annarlök eru 21. maí.

- 40% 2 lotupróf (20% hvort)
- 20% Munnlegt próf í annarlök
- **Meðaltal úr ofangreindum liðum þarf að vera 4,5 til að nemandinn standast áfangann.**
- 12% 5-6 orðaforðakannanir (4 bestu gilda)
- 18% Þrjú þemaverkefni
- 10% Ýmis smærri verkefni og ástundun



Vinnuáætlun:

Vika	Yfirferð	Próf /Verkefni	
01. 24.-26. feb.	Lota 1: Kynning á áfanga og upprifjun. Afþreying og áhugamál, álit og áform. -Sagnirnar GUSTAR og ENCANTAR -Tjá plön m/IR a (Btc-Unidad 5 og ítarefni)		
02. 1.-5. mars	Lota 2: Matur, máltíðir, veitingastaðir, matarmenning spænskumælandi landa.	Þemaverkefni 1 (6%) Orðaforðakönnun	
03. 08-12. mars	- Orðaforði: matur, drykkur og máltíðir, samskipti á veitingastöðum - Álitssagnir, matarsagnir - Orðin mucho, poco, bastante, demasiado. (Btc-Unidad 6 og ítarefni)	Orðaforðakönnun	Úrsagnar- eindagi 9. mars.
04. 15.-19 mars	Lota 3: Afþreying, borgir/bæir, álit, óskir Orðaforði tengdur afþreyingu, borgum, veðri og staðsetningum	Þemaverkefni 2 (6%) Orðaforðakönnun	Námsmatsdagur 19. mars
05. 22.-26. mars	- Sagnirnar GUSTAR, INTERESAR, QUERER, ESTAR, HAY, TENER og PODER - Fornafnið ningún/ninguna - Lýsingarorð og samanburður - Tölur 1000+ (Btc.-Unidad 5 og 7 og ítarefni)	Lotupróf 1 (20%)	Miðannarmat
29. mars-6.ap.	Páskafri		
06. 07.-09. apríl	(lota 3 frh.)		Miðannarmat
07. 12.-16. apríl	Lota 4: Ferðalög, fatnaður, liðnir atburðir.	Þemaverkefni 3 (6%) Orðaforðakönnun	
08. 19.-23. apríl	- Orðaforði: ferðalög, náttúra og fatnaður. - Ópersónulegar setningar - Núliðin tíð. - Smáorðin en, a, de, por, pero. (Btc-Unidad 9 og ítarefni)	Orðaforðakönnun	Sumardagurinn fyrsti 22. apríl
09. 26.-30. apríl	Lota 5: Mannlýsingar, lífsstíll, heilsuráð.		Námsmatsdagur 28. apríl
10. 03-07. maí	- Lýsingarorð (útlit, persónuleiki, litir). - Sagnirnar SER, ESTAR, TENER, LLEVAR. - Orðaforði líkami og heilsa.	Orðaforðakönnun	
11. 10.-14. maí	- Samanburður og orðasambönd fyrir álit og ráð. (Btc-Unidad 8)	Munnlegt próf 20%	Uppstigningardagur 13. maí
12. 17.-18. maí		Lotupróf 2 (20%) 18. maí	

Athugið:

- Áætlunin getur breyst í samræmi við framgang á önninni í samráði við nemendur.
- Vinna í 5-eininga áfanga samsvarar 90-120 klst.á önn, sem þýðir að vinna utan hefðbundinna kennslustunda samsvarar um 3,5 klst á viku að meðaltali.
- Prófum og verkefnum verður að ljúka á tilsettum tíma. Verkefnum skal skilað í gegnum Innu nema annað sé tekið fram. Ekki er tekið við verkefnum eftir skiladag nema haft sé samráð við kennara og góðar og gildar ástæður liggi að baki. Missi nemendur af prófum, býðst þeim sjúkrapróf á næstu námsmatsdögum hafi þeir tilkynnt forföll með tilskildum hætti.
- Nemendum ber að fylgjast með tilkynningum varðandi daglegt skipulag, próf og heimaverkefni á Innu.
- Nemendur eru hvattir til að mæta í smíðjur til að fá aðstoð við heimavinnu og annað. Kennari getur boðað nemendur í smíðjur í tiltekin verkefni.

Með von um farsæla önn og ánægjulegt samstarf!